

Fundargerð - stjórnarfundur nr. 343

343. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 29. mars 2023 kl. 9.00 – 10.30 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, Suðurlandsbraut 24.

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Plastskýrsla
3. Kynninga- og fræðslumál
4. Minnisblað um endurgjald vegna viðarumbúða
5. Reglur Úrvinnslusjóðs um meðferð styrkumsókna
6. Styrkumsókn
7. Til kynningar
8. Úttekt Ríkisendurskoðunar, framvinda
9. Úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar
10. Endurgjald vegna olíu
11. Önnur mál

Fundinn sátu:**Stjórn:**

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Ólafur Kjartansson (ÓK)
Gunnlaug Einarsdóttir (GE)
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Fundargerð 342. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs frá 10. mars var samþykkt.
- Breytingar á minnisblaði um endurgjald vegna viðarumbúða voru samþykktar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 342 frá 10. mars sl. var lögð fram til samþykktar.
Fundargerð var samþykkt.

2. Plastskýrsla

Lögð voru fyrir stjórn drög að svari við erindi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem leitað var umsagnar Úrvinnslusjóðs á skýrslunni „Athugun á möguleikum til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur“ og mögulega tillögum um álagningu úrvinnslugjalds á einstaka flokka plastvara sem ekki eru þegar undir framleiðendaábyrgð.

Tillögur Úrvinnslusjóðs eru að lagt verði úrvinnslugjald á íhluti og varahluti í bíla, en úrvinnslugjald er lagt á ökutæki í heild sinni en ekki íhluti þeirra. Einnig er lagt til að skoðað verði að leggja úrvinnslugjald á dýnur og textíl. Ekki er lagt til að fleiri flokkar verði skoðaðir að svo stöddu.

Nokkur umræða var um textíl og mögulegar breytingar á fatasöfnun. Lögð var til breyting á orðalagi varðandi álagningu á textíl, þar sem m.a. væri ítarlegri tilvísun í tillögur evrópusambandsins. Stjórn telur rétt að vekja athygli ráðuneytis á viðfangsefni í tengslum við textíl og óska eftir að sá vöruflokkur verði skoðaður sértaklega. Uppfærð drög verða lögð fyrir á næsta fundi.

3. Kynningar- og fræðslumál

Kynnt var tillaga Úrvinnslusjóðs um vinnu við lögboðið kynninga- og fræðslustarf. Lagt er til að megin áherslur verði annars vegar á lögboðna fræðslu sbr. 37. gr. h í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og hins vegar á upplýsingagjöf um afdrif úrgangs þá til stuðnings og uppfyllingar við fræðslu og kynningu sem Umhverfisstofnun, Sorpa, sveitarfélög og fleiri veita. Í fræðslu Úrvinnslusjóðs verði leitast við að miðla þeim gögnum og upplýsingum sem sjóðurinn býr yfir. Uppfærð tillaga verður lögð fyrir á næsta fundi.

4. Minnisblað um endurgjald vegna viðarumbúða

Lagt var fram uppfært minnisblað þar sem orðalag hafði verið fært til þess vegar að ekki léki lengur vafi á að endurgjald eigi einnig við um margnota vörubretti að loknum líftíma þeirra.
Minnisblað var samþykkt.

5. Reglur Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun styrkbeiðna

Lögð voru fram drög að verklagsreglum Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun styrkumsókna. Gerðar voru nokkrar tillögur til breytinga á reglum. Uppfærð drög verða lögð fyrir á næsta fundi.

6. Styrkbeiðni Republic

Um fjöllum um styrkbeiðni Republic var frestað til næsta fundar

7. Til kynningar

- a) Minnisblað um endurvinnslu
Ein ábending Ríkisendurskoðunar var að Úrvinnslusjóður skuli stuðla að aukinni endurvinnslu innanlands. Samkvæmt ábendingu Ríkisendurskoðanda voru teknar saman í framlögðu minnisblaði upplýsingar um innlenda endurvinnslu. Í minnisblaði er gerð grein fyrir álögðum gjöldum, ráðstöfun og greiddu endurgjaldi vegna efnisflokka. Þar er einnig að finna umfjöllun um hvern og einn efnisflokk m.t.t. innlendirar endurvinnslu. Fyrirhugað er að upplýsingar verði kynntar fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.
- b) Aukið gagnsæi
Til að fylgja eftir stefnu stjórnar um aukið gagnsæi í starfsemi Úrvinnslusjóðs var lögð fyrir stjórn tillaga að formi birtingar upplýsinga um ráðstöfun úrvinnslugjalda. Við gerð forms var höfð m.a. hliðsjón af þeim upplýsingum sem Ríkisendurskoðun birti í sinni skýrslu. Bent er á að gagnlegt gæti verið að bæta við upplýsingum um töluleg markmið efnisflokka þar sem það á við.
- c) Söfnun á víðavangi
Fyrir fundinn var lagt minnisblað frá Gunnari Bragasyni varðandi fyrirkomulag við söfnun á víðavangi. Úrvinnslusjóður leggur til að komið verði á svipuðu fyrirkomulagi vegna söfnunar á víðavangi og notað er vegna annarra vöruflokka. Í minnisblaði er stuðst við tölfræði erlendis frá um magn sem safnast í víðavangssöfnun og þann kostnað sem af henni hlýst. Greiðsluskylda Úrvinnslusjóðs takmarkast við einnota plast sem tilgreint er í 37. gr. h í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lagt er til að gerðar verði úrtakskannanir til sjá hvert er hlutfall þessa tilgreinda einnota plasts í söfnun, en áætlað er að það sé á bilinu 5-10% af því sem safnast. Byggja þær tölur m.a. á gögnum um hvað safnast í ruslabiðum.
- d) Fyrirkomulag við birtingu nýrra skilmála fyrir þjónustuaðilum
Sagt var frá því að skilmálar hafi verið birtir og að þjónustuaðilum hafi verið boðið á kynningarfund þann 4. apríl nk. þar sem farið verði yfir efni nýs samnings og skilmála.
- e) Fyrirkomulag tengt undanþáguákvæði 3. mgr. 7. gr a. laga nr. 161/2002 um úrvinnslugjald
Farið var yfir ábendingu úr skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi fyrirkomulag. Fram kom að breyting fyrirkomulags kalli á lagabreytingu sem ekki verður gerð án aðkomu ráðuneytis, einnig varði málið skattfyrvöld. Úrvinnslusjóður mun vinna áfram að málinu í samráði við ráðuneytið og halda stjórn upplýstri um framgang málsins.
- f) Endurgreiðslur skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 161/2002
Greint var frá erindi varðandi endurgreiðslur úrvinnslugjalds á grundvelli endurgreiðsluákvæðis 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Greint var frá því að í gildi væri samningur um undanþágu vegna endurnýtingar aðila á eigin úrgangi, sem þó væri ekki endurnýting úrgangs. Ljóst er að skoða þarf betur hvort hægt sé að veita undanþágu og þá á sama tíma hvort ástæða sé til að endurskoða fyrri samninga um endurgreiðslur. Mun málið verða tekið aftur fyrir í stjórn þegar að því kemur.

Liðum um úrvinnslu ökutækja og raftækjapön var frestað til næsta fundar

8. Úttekt Ríkisendurskoðunar framvinda

Dagskrárlið var frestað til næsta fundar

9. Úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar

Upplýst var um framvindu vinnu starfshóps. Lögð var fram framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna úrtakskannana og sniðmát sem stuðst yrði við viðflokkun. Áætlun byggir m.a. á forgangsröðun starfshópsins við kannanir. Lagt er til að áhersla verði lögð á að meta skiptingu milli umbúða úr pappa og pappírs og annars pappírs og pappa þar sem sama tunna er notuð fyrir báða efnisstrauma, en einungis umbúðirnar bera úrvinnslugjald.

10. Endurgjald vegna olíu

Lagt var til að endurgjald verði ISK 29,61 kr./kg og að gjald vegna flutningsjöfnunar verði ISK 49,06 kr./kg.

Dagskrárlið var frestað til næsta fundar

11. Önnur mál (+ mín)

Ekki var fleira rætt og fundi slitið 10.48

Næsti fundur verður haldinn þann 14. apríl kl. 13.00